



## Stjórnarfundur AKÍS -

**Staður og tími:** Fundarherbergi ÍSÍ - 19.12..2017 kl. 18:00

**Mætt:**

Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Baldvin Hansson (BH), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Ragnar Róbertsson (RR), Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS), Torfi Arnarson (TA)

**Fjarverandi:**

Einar Gunnlaugsson (EG), Garðar Þór Garðarsson (GPÞ), Kristinn Snær Sigurjónsson (KSS)

ÞA ritaði fundargerð.

---

### 1. Námskeið erlendis

Búið er að skrá sex þátttakendur á “Rally Safety Seminar” í Dublin í janúar 2018, fjórir til samræmis við bókun síðasta stjórnarfundar:

- Torfi Arnarson - AKÍS
- Þórður Andri McKinstry - BÍKR
- Hörður Darri McKinstry - BS
- Guðbergur Reynisson - AÍFS

Á eigin vegum:

- Garðar Gunnarsson - AÍFS
- Elísabet S.K. Ágústsdóttir - BÍKR

Dómnefndarnámskeið á vegum FIA verður í febrúar 2018.

Námskeið fyrir stjórnendur (keppnisstjóra/dómnefnd) kappaksturs / tímaats verður haldið 10. og 11. mars 2018 í Gautaborg.

### 2. Torfæra 2018

START mun halda sína keppni á upphaflegri dagsetningu sem er sama helgi og FIA-NEZ mótið er sett.

Keppnisdagatal í torfæru 2018 þannig:

- 12.05.18 - Umf Hekla (Hella)
- 02.06.18 - AÍFS (Kvartmílubrautin)
- 30.06.18 - START (Egilsstaðir)
- 30.06.18-01.07.18 - FIA NEZ mót í Svíþjóð
- 21.07.18 - TKS (Akranes)
- 22.07.18 - TKS (Akranes)
- 18.08.18 - BA (Akureyri)



**3. Tryggingar í akstursíþróttum**

Samþykkt drög að fréttatilkynningu um tryggingar í akstursíþróttum.

**4. eRally FIA 2018**

Nú er komin fram formleg staðfesting á því að þessi keppni verður 22. og 23. september 2018 á samþykktu keppnisdagatali FIA. Á sömu helgi er sett Hausrall, BÍKR, sem ætlað er að verði næturall eins og í ár.

Stjórn AKÍS ræðir við BÍKR um möguleika á að færa Hausrallið til að ekki komi til árekstra um starfsfólk og fleira.

**5. Nefndir á vegum FIA**

Samþykkt drög að fréttatilkynningu um nefndir á vegum FIA.

**6. Efnahagslegur ávinningur af akstursíþróttum**

Verið er að athuga með samstarf milli akstursíþróttasambanda Írlands og Íslands ásamt háskólum í báðum löndum til að leggja drög að því hvernig slíkt yrði unnið.

FIA hefur lýst yfir áhuga á því að styrkja þetta sérstaklega.

**7. Húsnæðismál**

Eins og tekið var fyrir á síðasta fundi þá hefur GSÍ óskað eftir því að við AKÍS að fá skrifstofu AKÍS til umráða. Stjórn MSÍ hefur samþykkt að samnýta skrifstofu með AKÍS.

**8. Önnur mál**

**9. Næsti fundur**

9. janúar 2018 @ 17:15 í fundarherbergi GSÍ.